

1. grein Félagið heitir Foreldra- og kennarafélag Síðuskóla. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri. Félagar eru foreldrar/forráðamenn nemenda skólans, kennarar og annað starfsfólk skólans. Félagsgjöld eru engin.

2. grein Markmið félagsins er:

- a) að stuðla að vellíðan allra nemenda skólans og tryggja gott samband milli skólans og foreldra/forráðamanna þeirra barna er þar stunda nám
- b) að stuðla að framkvæmdum í þágu skólans
- c) að halda fundi þar sem fjallað er um ýmis uppeldisfræðileg efni
- d) að örva og styðja félagsstarf og menningarlíf innan skólans

3. grein Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir 15. október ár hvert og telst hann löglegur ef boðað er til hans bréflaga með a.m.k. 3ja daga fyrirvara. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla formanns um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram reikningar félagsins áritaðir af skoðunarmönnum.
3. Kosningar.
4. Önnur mál.

4. grein Aðalfundur kýs formann og þrjá aðra foreldra í stjórn félagsins, ennfremur tvo varamenn. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum. Kennara – og foreldraráð velja hvor úr sínum röðum einn fulltrúa í stjórn. Ennfremur kýs aðalfundur tvo skoðunarmenn reikninga.

5. grein Bekkjarráð er skipað minnst þremur fulltrúum úr hverri bekkjardeild og stjórn félagsins. Bekkjarráð skal starfa við undirbúning og framkvæmd sérstakra verkefna þar sem þörf er á samstilltu átaki foreldra/forráðamanna, kennara og nemenda. Bekkjarráðsfulltrúar hverrar bekkjardeildar sjá um í samvinnu við umsjónarkennara að minnst þrír foreldrar/forráðamenn úr hverri bekkjardeild taki sæti í bekkjarráði í upphafi hvers skólaárs.

6. grein Stjórn félagsins skal halda minnst 3 stjórnarfundum árlega. Stjórnin hafi samráð og samvinnu við bekkjarráð og starfslið skólans og stuðli að góðri samvinnu foreldra/forráðamanna nemenda skólans. Skólastjóri eða staðgengill hans hefur rétt til setu á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt og skal boðaður á sama hátt og aðrir stjórnarmenn.

7. grein Stjórn og bekkjarráð skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum sem upp kunna að koma milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

8. grein Hætti félagið að starfa renna eigur þess til Síðuskóla.

9. grein Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, hafi breytingartillögur verið kynntar með aðalfundarboði og þarf 2/3 hluta atkvæða til þess að breytingin nái fram að ganga.